



Bókasafn Reykjaneshæjar

heilsulind hugans

Tjarnargötu 12, 230 Reykjaneshæ, sími 421 6770



Ársskýrsla fyrir árið 2013

Efnisyfirlit:

- Hagnýtar upplýsingar
 - Lykiltölur 2013
 - Hlutverk
 - Leiðarljós
 - Markmið
 - Leiðir að markmiðum
 - Aðsetur
 - Opnunartími
 - Húsnæði
 - Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
 - Rafrænn aðgangur
 - Rekstrartölur
 - Starfsfólk
 - Helstu verkefni ársins
 - Menningsarvið
- Aðfangadeild
 - Hlutverk
 - Safnkostur
- Barna- og unglíngastarf
 - Sögustundir/heimsóknir
 - Samstarfsverkefni
 - Erindi og beiðnir
 - Sumarlestur
 - Listskýningar leikskólabarna og þemasýningar
 - Koffort
 - Gaman að lesa saman
 - Laugardagar fjölskyldudagar
 - Barnahátíð
 - Sögupokar
 - Hnokka-, barna- og unglíngadeild
- Fjölmenníng
 - Heimskonur
 - Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 - Fjölmenníngarráð Reykjanesbæjar
 - Þjónusta við hælisleitendur
 - Millisafnalán
 - Samstarf við Norræna húsið
- Heimsendíngar
 - Tölur yfir útlán
 - Samstarf við Blindrabókasafn
- Kynningar-og markaðsmál ásamt menningarviðburðum
 - Viðburðir
 - Kynning á bókmenntaarfinum
 - Fornbókmenntanámskeið
 - Hönnun og önnur markaðssetning
- Vefur safnsins og Facebook
 - Vefur
 - Facebook
 - Hönnun og myndvinnsla
- Endurvinnsla
 - Tölvu- og tækímál
 - Tölvueign
 - Forrit og kerfi
- Upplýsingadeild
 - Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
 - Millisafnalán
 - Handbækur
 - Notendapjónusta
 - Upplýsingavakt
- Útlánadeild
 - Verksvið
 - Útlán
- Viðgerðir og bókbánd
 - Yfirlit yfir heimsóknir, ferðir, samstarfsverkefni, fundi, erindi, ráðstefnur og nám/námskeið
 - Þjónustusamningur við Keili
 - Hagnýtar upplýsingar
 - Hlutverk bókasafns Keilis
 - Áherslur bókasafns Keilis
 - Námskeið og fundir
 - Kynningar

Forsíðumynd tók Svanhildur Eiríksdóttir af leikskólabörnum að æfa sig í lestri

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

LYKILTÖLUR 2013: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 92.554 (111.100)

Útlán á íbúa: 6,5 (7,9)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2013 voru 86.598 (101.591)

Heimsendingar og útlán á elliheimili og sjúkrahúsið voru alls 830 (944)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 9.980 (7.950)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 513 (619)

Millisafnalán voru 3.613 (4.169)

Fjöldi lánþegar með gild kort 31. desember 2013 2.874 (2.865)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir: 113 (81)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 8 (7)

Sumarlestur: 293 (293) börn tóku þátt

Þjónustutími: 51 klst á viku yfir veturinn / 45 klst á viku yfir sumarið (45 /45)

Þjónustudagar: 254 (286)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2013: 62.846 (70.328)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2012: 9 (9). Stöðugildi 6,1 (5,85) auk 75% stöðugildis vegna þjónustusamnings við Keili.

Bókasafnið var lokað allan maí til 10. júní vegna flutninganna að Tjarnargötu 12.

Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögnum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun.

Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, víðsýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lifandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framfarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öflugra þjónustu.

Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tónlistar og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna gegnir.is og leitir.is, hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrennabyggðir í Atthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.

Aðsetur: Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ. Póstfang 230. Sími 421 6770, bréfasími 421 4667. Netfang: bokasafn@reykjanesbaer.is, veffang: reykjanesbaer.is/bokasafn

Opnunartími: Safnið er opið mánud. – föstud. kl. 10-19 og laugardaga 10-16, lokað á laugardögum í júní, júlí og ágúst. Lokað allan maí og fram undir miðjan júní vegna flutninga.

Húsnæði: Safnið er í 900 m² húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 500 m² og neðri hæð 411 m².

Tölvakerfi, sjálfsafgreiðsluvél: Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Ein sjálfsafgreiðsluvél er á safninu.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is

Rekstrartölur: Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2013 hljóðar upp 66.998.274 kr. Tekjur voru áætlaðar 8.881.300 kr. og launakostnaður 50.185.990.

Starfsfólk: Í árslok 2013 voru 9 (9) starfsmenn á safninu í 6,1 (5.85) stöðugildum auk 0,75 vegna þjónustusamning svið Keili. Þeir eru: Guðný Húnbogadóttir, Guðríður Anna Waage, Hulda Björk Þorkeldsdóttir, Kolbrún Björk Sveinsdóttir, Ragnhildur Árnadóttir, Rannveig L. Garðarsdóttir, Sigurrós Inga Sigurbergisdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir, Svanhildur Eiríksdóttir og Þór Fjalar Hallgrímsson. Auk þess voru Aron Leifsson, Steinar S. Jóhannsson og Þórey Garðarsdóttir í afleysingum. Í starfsþjálfun voru Kristín Sóley Kristinsdóttir, Björn Gísli Gíslason og Þorbjörg Bergmann.

Helstu verkefni ársins: Helsta verkefni ársins var flutningur safnsins í Ráðhús Reykjanesbæjar. Lokað var í rúmlega mánuð. Heilmikil grisjun á safngögnum fór fram á þeim tíma þar sem ljóst að safnkosturinn myndi ekki allur rúmast á nýja staðnum. Þjónustusamningur um bókasafns- og upplýsingaþjónustu fyrir nemendur Keilis var endurnýjaður á árinu. Þjónusta tengd námsfólki verður sífellt fyrirferðameiri í starfseminni. Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum fengu styrk úr Menningarsjóði Suðurnesja til áframhaldandi kynningar á bókmenntaarfinum. Aukin áhersla var lögð á markaðssetningu og að vekja áhuga á bóklestri. Að öðru leyti var starfsemi safnsins hefðbundin.

Menningarsvið

Valgerður Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri menningarsviðs. Menningarráð skipa þau Björk Þorsteinsdóttir, formaður, Sigurgestur Guðlaugsson og Kjartan Ingvarsson.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóða reglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfalli birtist á www.gegnir.is og www.leitir.is.

Samkvæmt tölugögnum Landskerfis bókasafna taldist fjölbreyttur safnkostur Bókasafns Reykjanesbæjar í lok ársins 2013 62.846 (70.328) eintök bóka og annarra safngagna sem skiptast m.a. í 55.729 bækur, 4.109 eintök tímarita, 789 hljóðbækur, 813 hljóðdiska og 814 mynddiska.

Í tilefni flutnings á safninu á árinu var grisjun með mesta móti og skýrir það mismun á heildarfjölda safngagna milli ára en innkaup þ.e. nýskráning var með eðlilegum hætti. Unnið verður að endurskoðun á innkaupastefnu safnsins á næstu vikum og verður þá tekið tillit breytinga útgáfuforma s.s. rafbóka og myndbanda, einnig hafa tímaritakaup minnkað með stöðugt fleiri titlum sem birtast rafrænt á www.timarit.is.



BARNA- OG UNGLINGASTARF

Sögustundir/heimsóknir: Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 113 leikskólaheimsóknir voru skráðar á árinu. 58 leikskólaheimsóknir frá 8 leikskólum voru að vori en 55 að hausti. 8 grunnskólaheimsóknir voru á árinu, flest í desember og komu þá 1 – 2 bekkir í senn. Óskað var eftir kynningu á safninu, þjónustu þess og safngögnum sem eru í boði og einnig var lesið upp úr nýrri bók. Á öskudaginn fengu krakkarnir blýant merktan bókasafni Reykjanesbæjar í skiptum fyrir söng og var meira en nóg að gera. Einnig fór barnabókavörður í einstaka heimsókn inn á leikskóla og las fyrir börnin þar. Sögustund fyrir almenning var haldin á Ljósanótt.

Samstarfsverkefni: Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem er í gangi á öðrum bókasöfnum. Á landsfundi Upplýsingar, sem haldin er annað hvert ár, hittast barnabókaverðir og kynna starf bókasafnanna og skiptast á hugmyndum. Einnig tekur barnabókavörður þátt í umræðum sem varða barna- og unglingsstarf á póstlistum um málefni bókasafna, ásamt almennum umræðum þegar við á. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafnsins en almennings- og skólabókasöfn um allt land fá rétt til þátttöku. Bókasafn Reykjanesbæjar hefur tekið þátt undanfarin ár og heldur utan um þátttöku skólabókasafna í Reykjanesbæ. Bækurnar sem hlutu flest atkvæði í Reykjanesbæ voru Aukaspyrna á Akureyri eftir Gunnar Helgason og Dagbók Kidda Klaufa: svakalegur sumarhiti eftir Jeff Kinney. Verðlaunaafhendingin var í tengslum við Norrænu Bókasafnavíkuna í ár þegar Vilhelm Anton Jónsson kom í heimsókn og gerði tilraunir fyrir

börnin í tilefni af útgáfu bókarinnar Vísindabók Villa. Þrír heppnir þátttakendur voru dregnir úr pottinum og hlutu þau Vísindabók Villa í verðlaun.

Erindi og beiðnir: Tilfallandi beiðnir frá leik- og grunnskólakennurum um aðstoð við heimildaleit í tengslum við verkefni sem verið er að vinna hverju sinni. Einnig tekur barnabókavörður að sér að kynna mikilvægi lesturs fyrir foreldrum með því að halda erindi að beiðni leik- eða grunnskóla. Haldið var erindi í Heiðarskóla um lestur fyrir foreldra útskriftarnema á Heiðarseli.

Sumarlestur: Í ár var ævintýrið um Jóa og Baunagrasíð þema sumarlesturs, byggt var baunagras þar sem sást einnig glitta í risann og Jóa. Fengu þátttakendur laufblað fyrir hverja lesna bók til að bæta í baunagrasíð og í lok sumars var baunagrasíð búið að breiða vel og mikið úr sér. Þátttakendur voru tæplega 290 í ár sem telst frábær þátttaka. Boðið er upp á sumarlestur 1. júní – 31. ágúst. Var uppskeruhátíð sumarlesturs haldin hátíðleg þann 9. september og kom Kristín Helga Gunnarsdóttir í heimsókn ásamt Emilíu Flugu, hundinum sínum. Mög góð mæting var á hátíðina (tæplega 290 börn fengu send boðskort) og voru þrír heppnir þátttakendur dregnir úr potti og hlutu bók Bill Brysons „Stiklað á stóru um býsna margt“. Einnig voru börnin sem mættu á uppskeruhátíðina leyst út með reglustikum með þökk fyrir þátttökuna.

Listsýningar leikskólabarna og þemasýningar: Listahátíð barnanna í Reykjanesbæ hefur sífelld verið að stækka og í kjölfar umræðu um vinnuálag á leikskólum bæjarins fyrir þá hátíð var ákveðið í samráði við leikskólana að fresta listasýningum leikskólabarna á bókasafninu um sinn. Einnig komu flutningar bókasafnsins á Tjarnargötu 12 inn í myndina en þeir fóru fram í maí og júní. Þar sem bókasafnið hefur raðast ögn öðruvísi upp á nýjum stað og veggjapláss þar af leiðandi af skornum skammti er spurning í hvaða formi bókasafnið og gestir þess geta haldið áfram að njóta góðs af listaverkum barnanna og á eftir að klára þá umræðu við leikskólana.

Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar: Verkefnið koffort í leikskólum Reykjanesbæjar hefur gengið vel og að sögn flestra leikskólana eru þau vel nýtt, bæði af foreldrum og leikskólunum sjálfum. Koffortin eru nú staðsett í 9 leikskólum af 10 og eru samtals 816 bækur í koffortunum 9. Áætlað er að bæta nýjum titlum við á komandi ári. Útlán voru um það bil 1000 í heildina á 8 leikskólum af 9 en einnig eru bækurnar í koffortinu mikið lesnar og nýttar inn á leikskólunum, ekki einungis sem lánsbækur heim til barna.

Gaman að lesa saman: Fjölmenningarverkefnið er í 9 leikskólum. Hljóðbækurnar eru mest nýttar af sérkennurum fyrir börn af erlendu bergi brotin. Sérkennarar hafa einnig leyfi til að lána foreldrum bækurnar heim í stuttan tíma í senn. Eitt farandsafn er til sem Gimli hefur haft afnot af.

Fjölskyldudagar: Laugardagar eru fjölskyldudagar á bókasafninu. Þá er settur fram dótakistill og sögupokar.

Barnahátíð í Reykjanesbæ: Framlag bókasafnsins í ár var ljósmyndakeppni fyrir grunnskólanema. Þrír voru verðlaunaðir fyrir þátttökuna með bók.

Sögupokar: Markmiðið með sögupokunum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafl og sköpunargleði barna. Tveir sögupokar eru settir fram í hnokkadeild á laugardögum.

Hnokka-, barna- og unglingsdeild: Flutningur á Tjarnargötu 12. Bókasafnið fluttist til á árinu og sameinaðist bæjarskrifstofum Reykjanesbæjar í júní 2013. Farið var vel í gegnum allar barnabækur í kjallara og grisjað þar sem talin var þörf á þar sem flutt var í minna rými. Í lok árs var farið í að stækka hnokkadeildina þar sem hún þótti of lítil.

Fjölmennning

Heimskonur: Í janúar var stofnaður hópurinn Heimskonur á Bókasafni Reykjanesbæjar fyrir konur af erlendu bergi sem búa og starfa í Reykjanesbæ. Tilgangur hópsins er að skapa tækifæri og rými fyrir konur að hittast, deila reynslu og skapa nýtt tengslanet á nýjum stað. Hist hefur verið með reglulegu millibili, fyrst á tveggja vikna fresti sem síðan var breytt yfir í fyrsta laugardag í mánuði. Þegar hópurinn hittist er spjallað saman, hlegið og drukkið kaffi. Fyrir jólin hittust Heimskonur heima hjá umsjónarmanni í smákökubakstur og jólagleði. Allt frá 4 og upp í 10 konur hafa mætt í senn og haldið verður áfram með hópinn á árinu 2014. Einnig var stofnaður Facebook-hópur til að auðvelda samskipti og auka sýnileika Heimskvanna.

Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum: MSS hefur komið í kynningu á bókasafnið með landnemaskólann sinn 1 – 2 á ári og okkur hefur einnig verið boðið á útskrift og kynningu hjá landnemaskólanum.

Fjölmenningaráð Reykjanesbæjar: Kolbrún Björk situr fyrir hönd bókasafnsins í fjölmenningaráði. Hist er einu sinni í mánuði og stendur nefndin meðal annars fyrir fjölmenningaviðburðum í Reykjanesbæ. Fjölmenningardagurinn var ekki haldinn í ár.

Hælisleitendur: Bókasafnið kemur að þjónustu við hælisleitendur í Reykjanesbæ og fær hver hælisleitandi bókasafnskort án endurgjalds og því fylgir aðgangur að tölvu í allt að klukkustund á dag. Þetta er í samstarfi við FFR.

Millisafnalán: Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir úti á landi með því að lána bækur á pólsku í lengri eða skemmri tíma.

Samstarf við Norræna húsið: Samkomulag er enn í gildi um að lánþegar Bókasafns Reykjanesbæjar með gilt bókasafnskort megi taka bækur hjá þeim en það er á byrgð lánþega að koma þeim aftur á bókasafn Norræna hússins.

HEIMSENDINGAR

Rannveig Lilja Garðarsdóttir hefur umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins. Farið er á Hlévang og Nesvelli aðra hverja viku og í heimahús og á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja vikulega. Um 8 lánþegar þiggja þjónustu í heimahús með reglulegu millibili. Þar að auki hafa starfsmenn safnsins verið milligönguliður á milli lánþega og Blindrabókasafns Ísland (Hljóðbókasafn Íslands) þegar þannig hefur staðið á. Um 32 lánþegar nýta þjónustu

bókasafnsins á Nesvöllum og á Hlévangi eru um 5 vistmenn að taka þar bækur. Engar heimsendingar voru í maí og fram í júní vegna flutninga.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fékk þjónustu vikulega á árinu í formi þess að bóksafnið útvegar mynddiska til að hafa á setustofu fyrir sjúklinga.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):

Heimsendingar: 233 (315)

Nesvellir: 451 (489)

Hlévangur: 34 (50)

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja: 112 (90)

Samtals 830 (944)



KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐURM

Í upphafi árs var ákveðið að hefja útgáfu fréttabréfs amk. tvisvar yfir árið. Fyrsta fréttabréfið var síðan gefið út 15. mars og í framhaldi ákveðið að gefa það út tvisvar sinnum á ári, að vori og hausti. Haustblaðið var gefið út í september. Fréttabréfinu er bæði dreift innan safnsins og sent til Vildarvina, sem er netfangalisti sem safnað var meðal notenda safnsins fyrir þá sem höfðu áhuga á að fá fréttir úr safnastarfinu sendar í tölvupósti, s.s. viðburðum og nýrri eða breyttri þjónustu. Teymi fundar eftir þörfum.

Viðburðir á árinu:

Skákdagurinn 26. janúar: Í tilefni hans mættu nemendur Siguringa Sigurjónssonar í Krakkaskák-hópnum á bókasafnið og buðu gestum að tefla.

Þorrasýning 28. janúar: Árleg þemasýning frá Holti/Akri/Akurskóla, stóð allan þorran.

Sýning frá Byggðasafni frá febrúar-des: Sigrún Ásta setur reglulega upp sýningar í glerskápum safnsins. Í ár voru þær fjórar talsins, sú fyrsta í febrúar, munir frá Glit, þá á silfurmunum í tengslum við útgáfu bókar um silfursmíð í ágúst, um berjatínslu og –vinnslu að hausti og loks á gömlu jólasakrauti og jólakortum í desember.

Bókasafnið 55 ára 7. mars: Þess var minnst með sýningu á ljósmyndum og munum úr sögu safnsins í glerskápum.

Safnahelgi á Suðurnesjum 16/17. mars: Þemað var „Fiskar og fjör“. Bókasafnið skreytt með risafiskum unnum af leikskólabörnum og athygli vakín á bókum um fiska. Einnig hófst sýning á gömlum guðsorðabókum og öðrum gersemum í eigu Karls Smára Hreinssonar.

Erlingskvöld 21. mars: Alþýðumenning var þema kvöldsins í ár. Arnþór Gunnarsson frá Miðstöð munnlegra sagna fjallaði um gildi persónulegra heimilda í sagnfræði, Sigrún Ásta Jónsdóttir safnstjóri Byggðasafnsins fjallaði um Mörtu Valgerði Jónsdóttur og mikilvæga sagnaritun hennar og kynnt var verk Erlings Jónssonar, Stjáni blái. Tveir sigurvegar úr Stóru upplestrarkeppninni lásu textabrot. Jana María Guðmundsdóttir söng íslensk alþýðulög við pianóundirleik Þorvalda Arnar Davíðssonar.

Barnahátíð 11. og 12. maí: Bókasafnið var lokað á barnahátíð vegna flutnings (lokun 1. maí til 10. júní) en tekin hafði verið ákvörðun um að halda ljósmyndakeppni fyrir grunnskólanemendur á miðstigi og sýna afrakstur við opnun safnsins í Ráðhúsi. Þemað var „Umhverfi okkar er ævintýri“ og var framkvæmd keppinnar í samstarfi við Ljósop, félag áhugaljósmyndara á Suðurnesjum, sem m.a. dæmdu ljósmyndir. Þátttaka var dræm, aðeins 11 börn tóku þátt, en vinnu haldið til streitu. Verðlaun voru veitt fyrir 3 sæti á 17. júní og myndasýning haldin í húsakynnum safnsins.

Ljósanótt 7. september. Örfyrirlestrar og tónlistarviðburðir frá 11:00 – 17:00 sem skapaði mikið líf í húsi.

Bókasafnsdagurinn 9. september. Gert var átak í að kynna neðri hæð kjallarans, m.a. með bókamerkum, Veruleikinn er stærri en þig grunar! og boðið upp á ratleik. Því miður var þátttaka dræm. Hengdum upp veggspjöld m.a. með 100 bestu fræðibókunum og völdum lesanda ársins.

Jafnframt var uppskeruhátíð sumarlesturs þennan dag.

Heilsu- og forvarnvika 30. sept - 6. okt: Bókasafnið bauð upp á bókmenntagöngu, sem vel var tekið í fyrir og því talin ástæða til að endurtaka leikinn. 46 manns mættu og var gengið rösklega um bæinn og lesið á völdum stöðum.

Bleikur dagar 7. október: Starfsfólk tók þátt í bleikum degi Krabbameinsfélagsins, klæddist bleiku og vakti athygli á bleikum bókum.

Dagur gegn einelti 8. nóvember. Vakín athygli á deginum með safngögnum.

Norræna bókasafnavikan 11. – 18. nóvember: Vakín athygli á norrænum safngögnum alla vikuna. Vilhelm Anton Jónsson kynnti Vísindabók Villa 14. nóvember og sló aðsóknarmet í húsi. Sú dagskrá var í samstarfi við Norræna félagið í Reykjanesbæ.

Þennan sama dag voru þremur þátttakendum í Bókaverðlaunum barnanna veitt þátttökaverðlaun.

Brefamaráðun Amnesty International 6. – 16. desember: Bókasafnið hefur um árabíl stutt mannréttindabaráttu Amnesty International með því að taka þátt í bréfamaráðunum samtakanna.

Verkefnastjóra var þakkað í bókinni Orðaspjall sem kom út 4. apríl fyrir aðkomu að bókalista fyrir verkefnið Bók í hönd og þér halda engin bönd sem Tjarnarsel vinnur að.

Kynning á bókmenntaarfinum: Samstarfsverkefni almenningsbókasafnanna á Suðurnesjum: Garður. Finnskar bókmenntir 5. desember. Sigurður Karlsson þýðandi og Marta Guðrún Jóhannesdóttir bókmenntafræðingur halda erindi og lesa. Þess má geta að bókmenntakvöld sem haldið var í Garði í nóvember 2012 varð að kvikmyndapætti í mars 2013 og er aðgengilegt á heimasíðu Bókasafnsins. Fríða Björk Ingvarsdóttir bókmenntafræðingur fjallaði um verk Guðrúnar Evu Mínervudóttur og höfundur las. Guðmundur Magnússon hjá Steinaboga kvikmyndagerð gerði þáttinn. Sandgerði: Þorgrímur Þráinsson, lestur og læsi 13. mars og Hrafnhildur Valgarðsdóttir með Söngur Súlu 14. nóvember. Vogar: Engin dagskrá. Grindavík: Rithöfundarnir Árni Þórarinnsson, Illugi Jökulsson og Jón Kalman Stefánsson lásu úr nýútkomnum verkum sínum 11. desember í Bryggjunni. Reykjanesbær: Þrjú Bókakonfekt 26. – 28. nóvember. Eitt helgað börnum, þar sem Gunnar Helgason og Þórdís Gísladóttir kynnti nýútkomnar bækur, eitt skáldsögum þar sem Jón Kalman Stefánsson og Eiríkur Guðmundsson voru gestir og eitt ævibáttum og ævisögulegum skáldsögum. Þar komu Sigrún Pálsdóttir og Guðmundur Andri Þorsson fram.

Fornbókmenntanámskeið: Síðari hluti Njálu námskeiðs, sem hófst haustið 2012, var í ársbyrjun 2013. 5 vikna námskeið um Eyrbyggju var haldið í Ráðhúsi 24. september til 22. október.

Merkingar í ráðhúsi: Kúmmteymi sá um að þarfagreina Bókasafnið með tilliti til merkinga. Í framhaldi var Svanhildi falið að útbúa samræmdar merkingar og skrá hvar þarf aðkeyptar merkingar úr foam-i og plexigleri, ásamt filmumerkingum og merkingum í gólfí. Svanhildur kláraði merkingar á neðri hæð í byrjun nóvember og efri hæð um miðjan nóvember.

Vefur safnsins og Facebook

VEFUR: Vef Bókasafnsins þarf alltaf að yfirfara í ársbyrjun og var það gert. Í janúar og febrúar er svo unnið að því að koma úrvali nýrra bóka inn á vefinn, m.a. þematengdum barna- og unglingabókum, ásamt upplýsingum um fjárhagagætlun, starfsáætlun og ársskýrslu nýliðins árs. Bók mánaðarins er uppfærð reglulega, fyrir fullorðna, börn og unglinga, sem og texti á heimasíðu vefjar, sem alltaf tengist bókunni, orðum eða lestri. Fréttir úr starfi eru reglulega settir inn á vefinn, árið 2013 voru 50 fréttir settar inn, sem er svipuð tala og fyrri ár. Tilfallandi uppfærslur eru yfir allt árið og var það síðast gert undir árslok. Veffang er www.reykjanesbaer.is/bokasafn

FACEBOOK: Hugað er að því að hafa Facebook síðu vefjarins lifandi með reglulegum innleggjum, sem eiga að vera upplýsandi, fræðandi og/eða skemmtileg. Innleg á síðuna árið 2013 voru 109. Auk þess er fylgst lítillega með Facebook síðum þeirra sem Bókasafnið líkar við og eru menningar- og menntatengd.

MYNDATAKA OG MYNDVINNSLA: Myndataka og myndvinnsla fylgir efnisöflun fyrir vef og Facebook og einnig þegar útbúa þarf nýja auglýsingaborða á vinstri eða hægri hlið vefs. Við myndvinnslu og hönnun er notað forritið Photoshop.

Endurvinnsla: Svanhildur hafði umsjón með endurvinnslu þegar Bókasafnið var staðsett við Hafnargötu. Lokahnykkur endurvinnslunnar var í janúar þegar þrískipt flokkunarílát var sett á lessal. Starfsfólk ræstingar kom að endurvinnslunni í félagi við starfsfólk. Endurvinnsla í Ráðhúsi hófst 4. nóvember og nokkrar vikur fóru í aðlögun. Endurvinnsluráð var skipað af starfsþróunarstjóra þann 12. nóvember. Í ráðinu eru Björgvin Jónsson, USK, Dröfn Rafnsdóttir, FRÆ, Halldór Karl Hermannsson, FJÁR og Svanhildur Eiríksdóttir, MENN. Ráðið útnefndi Svanhildi sem formann á fyrsta fundi þann 14. nóvember.

Mikil vinna hófst í framhaldi við að þarfagreina, taka út tunnur, koma með ný ílát, merkja, fræða og fylgja eftir. Umhverfisstefna mótuð undir árslok og matskvarði hannaður fyrir úttekt á stöðu endurvinnslumála í ráðhúsi. Hvorutveggja verður lagt fyrir framkvæmdastjóra í ársbyrjun 2014.

TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

Tölvueign: 16 tölvur eru nú í eigu safnsins, þar af 4 nettölvur fyrir gesti með prentara, 3 Gegnis-leitartölvur og ein sjálfsafgreiðsluvél. Aðgangur að þráðlausu neti er einnig í boði.

Forrit og kerfi: Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 7. Tvö netkerfi eru í notkun á safninu; eitt fyrir netkaffið og þráðlausu netið og eitt kerfi fyrir starfsmenn sem er það sama og starfsmenn bæjarins nota. Bókasafnskerfið Gegni (Aleph) er sett upp á allar tölvur fyrir utan leitartölvur lánþega og netkaffi. Í Gegni (Aleph) fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar og mestur hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegni (Aleph). Önnur forrit eru Adobe Photoshop, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer, GoPro og Lotus Notes. Tekið var í notkun nýtt peninga kassakerfi sem heitir Centara á árinu og fengin ný sjálfsafgreiðsluvél.

UPPLÝSINGAÐEILD

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir: Starfsemi Upplýsingadeildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum en er jafnframt fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingadeildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu.

Starfsfólk upplýsingardeildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður upplýsingadeild viðskiptavinum upp á notendaþjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti upplýsingalæsis. Áfram verður lögð var áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Í lok ársins var farið í að stækka og bæta aðstöðu

upplýsingarþjónustunnar auk þess sem hópvinnuborðum var fjölgað. Þá var bókum fækkað á lessal svo hægt væri að bæta við lesborðum.

Á árinu 2013 varð fækkun á skráðum heimilaleitum. Bókasafnið var lokað í maí til 10. júní. Upplýsingarþjónustan er á neðri hæð safnsins og þar mikið á því að gestir vissu ekkert af aðstöðunni á neðri hæðinni auk þess bókakosts sem þar er. Skráðar beiðnir um heimildaleit: 231 (285).

Millisafnalán: Beiðnir um millisafnalán frá öðrum söfnum 31 (31), Millisafnalán til annarra bókasafna 199 (384), lán til annarra stofnana s.s. skóla 2956 (3117) og lán til skipshafna (skipakassar) 427 (562).

Handbækur: Handbókasafnið er í sífelldri þróun og endurskoðun. Áður en kom að flutningi var farið í gegnum nýlegar kennslubækur og þeim bætt í handbókasafn. Þá voru grisjaðar eldri bækur úr handbókasafni og settar í almennt útlán.

Notendafræðsla: Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál.

Upplýsingavakt: Stefanía, Þór, Ragnhildur, Sigurrós og Svanhildur sinna upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 10 til 17 en það hefur því miður ekki tekist. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirspurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

ÚTLÁNADEILD

Verksvið: Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanarþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við sjúkrahúsið og dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavinum, aðstoða viðskiptavini við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögur um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni. Ný sjálfsafgreiðsluvél og nýtt kassakerfi var tekið í notkun á haustmánuðum.

Útlán: Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2013 voru 86.598 (101.591). Heimsendingar og útlán á elliheimili og sjúkrahúsið voru alls 830 (944). Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 9980 (7950). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 513 (619). Flest útlán voru í júlí alls 9.427 eintök. Safnið var opið í 51 klst á viku yfir veturinn / 45 klst á viku yfir sumarið (45 /45) 254 (286) daga á árinu. Færri afgreiðsludagar eru vegna flutnings safnsins.

VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Nú er Faxi eina tímaritið sem bundinn er inn af því efni sem gefið er út í sveitarfélaginu. Því gæti verið sjálfhætt þar sem byrjað er að mynda Faxe á timarit.is



YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

Heimsóknir:

Landnemahópurinn frá MSS í kynningu og heimildavinnu
Starfsmenn Bókasafnsins í Mosfellsbæ

Meningarsvið:

Safnstjórafundur vikulega
Meningarráðsfundur mánaðarlega

Nám og námskeið:

Upprifjun í aðfangarætti Gegnis hjá Landskerfum – HBP, SG

Ímyndarvinna Upplýsingar – allir starfsmenn

Fyrirlestur Þorgríms Þráinssonar – allir starfsmenn

Fræðslufundur skrásetjara í mars og nóvember – RÁ, SG

GoPro fyrir byrjendur – SG, SE

GoPro upprifjun - HBP

Njáls saga 2.hluti í mars – HBP, SG, RÁ

Njálufurð með forsöguhópi - HBP

Eyrbyggja í september – HBP, SS

Bókmenntaganga í Heilsuviku –SE, RG, SG

Leitir.is – SG -SE

Vinnustofur vegna flutnings T12 – allir starfsmenn

Morgunkorn Upplýsingar – HBP, SE

SG og SE í útskrifuðust með mastergráðu í Opinberri stjórnsýslu, KBS í mastersnámi í ensku

Ráðstefnur, fundir:

Aðalfundur Landskerfis í júní - HBP fulltrúi

Aðalfundur Málræktarfélags Íslands í júní – HBP fulltrúi

Nám og framtíð stéttar – SG

Ráðstefna um barna- og unglingsbókmenntir, Kveikjum eld - KBS
Fjölmennning – kynning á vegum FRÆ – KBS, HBÞ
Húsnæðismál og flutningar á T12 – nokkrir fundir á árinu
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna - HBÞ
Vinnandi vegur – HBÞ
Útvarpsviðtal í tilefni bókasafnsdags – HBÞ
Málþing um málefni almenningsbókasafna – HBÞ
Fundur skrásetjara í Gegni – RÁ, SG
Umsjón með bókasþjalli – HBÞ, RÁ

Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:

Byggðasafn Reykjanesbæjar - samstarf um ýmis verkefni - HBÞ
Bækur og móðurmál - HBÞ í starfshópi
Kynning á bókmenntaarfinum – með almenningsbókasöfnunum í Grindavík, Garði, Sandgerði og Vogum
Bókasafnsdagurinn – kynning á bókasöfnum og starfsemi þess
Heilsuvika - KÚMM teymi
Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Blindrabókasafn – HBÞ, SE og KBS
Landskerfi bókasafna – HBÞ
Málræktarfélag Íslands – HBÞ fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi
Raddir, samtök um vandaðan upplestur – SE í félagsráði samtakanna
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gegnis – HBÞ
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - HBÞ
Samstarf forstöðumanna bókasafna í Mosfellsbæ, Reykjanesbæ og á Seltjarnarnesi - HBÞ
Samráðsfundir framhaldsskólabókavardar – SG fulltrúi
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – HBÞ fulltrúi
Starfsþjálfun í samstarfi við FS, Samvinnu og Björgina. – 3 nemendur
Stýrihópur um fjölmenningu í Reykjanesbæ – HBÞ, KBS fulltrúar menningarsviðs
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - allir starfsmenn félagar

Starfsmannafundir, starfsmannamál:

Hópvavinna – teymi um málefni/verkefni funduðu eftir þörfum
Starfsmannafundir
Starfsmannasamtöl fóru fram í mars
Starfsmannafundur menningarsviðs 2 fundir á árinu
Vorfagnaður starfsfólks menningarsviðs í júní
Aðventukvöld menningarsviðs í nóvember

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ KEILI

Hagnýtar upplýsingar:

Starfsmaður: Stefanía Gunnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á bókasafninu alla daga nema miðvikudaga. Þór Fjalar Hallgrímsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur vinnur á miðvikudögum í Keili.
Erna Ásta Guðmundsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur leysti Stefáníu af frá febrúar og út maí. Sigurrós Sigurbergsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur tók við verkefnisstjórn í bókasafi Keilis í desember.
Aðsetur bókasafns Keilis er í miðrymi Keilis, Grænásbraut 910 – Ásbrú. Starfsmaður er á vakt frá kl. 10-16 alla skóladaga. Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður óbreyttur í febrúar 2013. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bókasafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að:

Nemendur Keilis fá frí lánþegaskírteini
Nemendur Keilis fá upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit
Nemendur Keilis fá safnkennslu í upplýsingalæsi
Bókasafns- og upplýsingafræðingur er á vakt í Keili alla kennsludaga frá kl. 10:00 til 16:00.

Hlutverk bókasafns Keilis: Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafn Keilis veitir persónulega þjónustu og styður nám og kennslu við skólann. Þjónustan við notendur felst einkum í:

faglegri upplýsingaþjónustu
leiðbeiningum við heimildaleit
leiðbeiningum við upplýsingalæsi
úrvinnsla heimilda
útlán
námsaðstoð

Eintakatölur bókasafns Keilis í árslok 2013: 4.249, þar af bækur 3.438. Árið 2012 var heildarfjöldi 4.142, þar af bækur 3.080. Aðrar tölur 2013, frá fyrra ári í sviga:

útlán: 560 (515)
Millisafnalán á árinu voru 6 (12), 2 (2) beiðnir frá öðrum söfnum, 4 (10) fyrir Keili.
Notendafræðsla: 11 manns

Áherslur bókasafns Keilis: Hafist var handa við að skrá BSc lokaritgerðir hjá nemendum í tæknifræði. Þannig verða allar lokaritgerðir leitarbærar á gegnir.is og leitir.is. Einnig var allt safn flugakademíunnar skráð og ýmsum

handbókum fjölgað. Farið var í að fá Þjóðskjalasafn Íslands til þess að samþykkja málalykil Keilis samkvæmt lögbundinni skyldu. Í nóvember var skoðað með vinnusvæði ONE.

Áfram hafa borist margar og góðar bóka- og tímaritgjafir á safnið. Níu bækur í ritröðinni Kennslubækur fyrir einkaflugpróf bárust frá nafnlausum flugmanni. Bókasafn Reykjanesbæjar gaf tímarit og bækur s.s. allar Íslendingasögurnar og ljóðasafn Davíðs Stefánssonar. Hlíf kennari gaf stærðfræðibók. Orkustofnun færði safninu bókargjöf. Félag íslenskra atvinnuflugmanna gaf tvær bækur, flugmannatal og 60 ára saga FÍA. Einstaklingur gaf 4 tölvubækur á safnið.

Bókasafnið heldur kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis. Auk þess býðst öllum nemendum persónuleg kennsla í upplýsingalæsi og heimildaleit á netinu og í sérhæfðum gagnagrunnum.

Aukin áhersla var lögð að að ná til nemenda í gegnum Facebook síðu safnsins. Þar er hægt að koma upplýsingum áfram til nemenda, bæði um þjónustu safnsins og öll ný safngögn sem berast á safnið.

Námskeið og fundir:

Stefnumótunavinna Keilis

Námskeið í leitir.is

Ráðstefna hjá IRMU skjalastjórnunarfélag

Málþing í Öskju

Fundur hjá skrásetjurum á Landsbókasafni-Háskólabókasafni

Fundir hjá kennsluviði í hverri viku

Starfsmannafundir

Fundir hjá bókasafnsfræðingum í framhaldsskólum

Fundir um skjalamál Keilis

Fundir hjá gæðaráði Keilis

Kynningar:

3. janúar - kynning á heimildaleit og þjónustu bókasafns Keilis fyrir fjarnemendur

12. febrúar - kynning og kennsla í heimildaleit fyrir nemendur í þjóðhagfræði.

19. apríl - Opinn dagur hjá Keili. Bókasafnið sýnt.

7. ágúst - kynning á bókasafninu og þjónustu þess fyrir nýnema í tæknifræði.

19. ágúst - kynning á bókasafninu og þjónustu þess fyrir nýnema í háskólabró.

9. september - Bókasafnsdagurinn. Sælgæti í skálum á safninu.

10. september - kynning á heimildaleit og þjónustu bókasafns Keilis fyrir flugvirkjanemendur

30. september - stærðfræðinemendur vinna verkefni í þáttun með bókum.

11. nóvember - kynning á heimildaleit, APA kerfi og þjónustu bókasafns Keilis fyrir nemendur í ævintýranámi

Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónarmönnum verkefna.

Gjört í febrúar 2014

Stefanía Gunnarsdóttir

forstöðumaður



